

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bolungarvíkurkaupstað.

Glaðheimareitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar á fundi sínum 7. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi Glaðheimareits vegna Hlíðarstrætis 21. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á byggingarreit lóðarinnar við Hlíðarstræti 21 um 1 metra til norðurs.

Deiliskipulagið sem hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga öðlast þegar gildi.

Bolungarvík, 19. mars 2018.

Gísli Gunnlaugsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2018